



Reykjavík, 11.06.2026

Fundargerð Svæðisráðs Vestfjarða

4. fundur, fjarfundur, 11.06.2026 kl. 13:00

Mætt:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ) formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) fulltrúi Strandabyggðar, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) fulltrúi Vesturbyggðar, Jóhann Birkir Helgason (JBH) fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson (JPH) fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Friðfinnur Skaftason (FS) varafulltrúi innviðaráðuneytisins var viðstaddur í stað Katrínar Pálsdóttur, María Reynisdóttir (MR) varafulltrúi atvinnuvegaráðuneytisins var viðstödd í stað Agnars Braga Bragason, og Magnús Guðmundsson (MG) fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Einnig sat fundinn Kristján Freyr Helgason (KFH), sérfræðingur á skrifstofu auðlinda í atvinnuvegaráðuneytinu. .

Frá HMS: Ólafur Árnason (ÓÁ), Borghildur Sölvey Sturludóttir (BSS) og Guðrún Jensdóttir (GJ) sem ritaði fundargerð.

AÓ setti fund og gengið var til dagskrár

1. Fundardagar svæðisráðs

Formaður leggur til að næsti fundur svæðisráðs haldinn í september og verði þá staðfundur í Vesturbyggð. Fundurinn yrði haldinn miðvikudaginn 16. september, en tími og endanleg staðsetning verði tilkynnt þegar nær dregur.

2. Ýmis frumvörp og umræða

AÓ gerði grein fyrir þeim frumvörpum sem liggja fyrir Alþingi og geta haft þýðingu fyrir starf svæðisráðs og framfylgd strandsvæðisskipulags, þ.e.:

- Lagareldi (Atvinnuvegaráðuneytið)
- Fjarskiptastofa og fjölmiðlar (Innviðaráðuneytið)
- Leiðarmerki og öryggi siglinga (Innviðaráðuneytið)

Formaður beindi því til hlutaðeigandi ráðuneyta að kynna svæðisráði stöðu frumvarpanna. Þá verði staðan jafnframt tekin að nýju á næsta fundi eftir því sem við á.

Fyrir hönd atvinnuvegaráðuneytisins fór KFH yfir stöðu mála varðandi frumvarp um lagareldi. Fram kom að ekki lægi fyrir hvenær önnur umræða færi fram. Frumvarpið hafi ekki verið afgreitt úr nefnd. Verði frumvarpið samþykkt taki það ekki gildi fyrr en í upphafi næsta árs. FS, fulltrúi innviðaráðuneytisins, sagði engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um þau tvö frumvörp sem ráðuneytið fer með.

Fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, MG, greindi frá tveimur frumvörpum sem liggja nú fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Annars vegar um stjórn vatnamála. Fram kom að unnið sé úr umsögnum sem bárust við það mál og að áætlað sé að leggja frumvarpið fram í október 2026. Hins vegar um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem var birt í samráðsgáttinni í gær.

Þá var upplýst um eftirfylgni Ríkisendurskoðunar með skýrslunni *Sjókvíaeldi – lagaframkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit frá árinu 2023*. Fram kom að frumvörp, m.a. um stjórn vatnamála og lagareldi, bregðist við atriðum sem komu fram í þeirri skýrslu.

3. Endurnýjun á rekstrarleyfi í Önundarfirði, MAST umsagnarbeiðni og samræmi við skipulag

Farið var yfir erindi MAST vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arctic Sea Farm hf. í Önundarfirði. Málið varðar 200 tonna rekstrarleyfi, FE-1114/IS-36083, sem upphaflega var gefið út árið 2016 og rann út 19. júlí 2021. Leyfið tekur til tveggja staðsetninga, annars vegar eldisstaðsetningar og hins vegar geymslustaðsetningar fyrir sveltan fisk til slátrunar.

BSS greindi frá því að Skipulagsstofnun (nú HMS) hefði áður fjallað um samræmi leyfisins við strandsvæðisskipulag Vestfjarða í álit dags. 7. nóvember 2025, sem sent var lögfræðingi Arctic Sea Farm og afrit af því sent MAST. Eldisstaður 1 er innan reits A8, *Almenn nýting*, en eldisstaður 2 er að hluta innan reits LV10, *Lagnir og vegir*, þar sem liggur fjarskiptastrengur í eigu Mílu. Bent var á að ólíkt reit LV6, sem fjallað var um á síðasta fundi, er ekki sérstaklega tekið fram í lýsingu reits LV10 að þar sé gert ráð fyrir fiskeldi en þó sé þessu leyfi lýst í reit A8.

Fram kom að nú liggi fyrir, umsögn Mílu og áhættumat siglinga unnið af Vegagerð og í samstarfi við Samgöngustofu og Landhelgisgæslu. Í gögnum frá Mílu kemur fram að ljósleiðari sé um 388 m frá eldissvæði og að svæðið sé innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengsins. Í áhættumati siglinga var ekki talið að staðsetning eldissvæðisins ógnaði siglingaöryggi eða að þörf væri á mótvægisáðgerðum.

Rætt var um meðferð málsins.

AÓ kynnti að málið hefði borist formanni svæðisráðs beint, en áréttaði að gögn og erindi sem þessi eigi að berast HMS, sem komi þeim eftir eðli máls til svæðisráðs. Mikilvægt er að aðilar beini umsagnarbeiðnum beint til HMS.

ÓÁ vísaði til 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og benti á að HMS geti óskað eftir umsögn svæðisráðs ef tilefni er til. Hann taldi afstöðu HMS liggja nokkuð skýrt fyrir, þ.e. að starfsemin geti samræmst strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, að því gefnu að gætt verði að öryggi fjarskiptastrengs og haft verði samráð við eiganda hans.

HS ásamt öðrum fulltrúum bentu á ósamræmi í birtingu skipulagsins, þar sem umrætt leyfi er ekki sýnt á uppdrætti líkt og önnur leyfi. MG spurði hvort mannvirki væru á staðnum og fram kom að um eldra leyfi væri að ræða en ekki væri starfsemi á svæðinu í dag. Þá var breidd LV svæða einnig rædd.

Niðurstaða umræðunnar var að HMS svari erindi MAST fyrir lok mánaðarins og byggir umsögn sína á fyrra álit stofnunarinnar. HMS greinir svæðiráði frá niðurstöðu málsins á næsta fundi í september.

4. Framfylgd ákvæðis um vöktun vistkerfis

Farið var yfir bréf svæðisráða til innviðaráðuneytisins, dags. 26. nóvember 2024, vegna vöktunar og rannsókna á haf- og strandsvæðum, ásamt svörum stofnana og rannsóknaraðila frá árinu 2024. Í bréfinu er vísað til þess að í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða sé lögð áhersla á vistkerfisnálgun og að komið verði á heildstæðri umhverfisvöktun lykilbreyta á skipulagssvæðunum. Markmiðið er að niðurstöður vöktunar verði aðgengilegar og nýtist við skipulagsgerð og leyfisveitingar.

Rætt var um mikilvægi þess að taka málið aftur upp og fylgja eftir fyrra erindi svæðisráða. Fram kom að ýmsar stofnanir sinni vöktun og rannsóknum á haf- og strandsvæðum, en að skorti samræmdan vettvang þar sem yfirlit yfir vöktun, stöðu og þróun lykilkáttanna sé tekið saman með reglubundnum hætti.

MG lagði áherslu á að halda þyrfti málinu á lofti, enda væri vöktun mikilvæg stoð við upplýsta ákvarðanatöku. ÓÁ tók undir að upplýsingar væru víða til, oft í tengslum við einstök verkefni, en að æskilegt væri að koma á fót sameiginlegum vettvangi sem svæðisráð gætu nýtt sér. Slíkur vettvangur þyrfti formlega aðkomu viðkomandi stofnana og ráðuneyta, t.d. í formi vinnuhóps sem hefði það hlutverk að taka saman stöðu og þróun vöktunar á skipulagssvæðunum.

AÓ lagði áherslu á að það vantaði yfirsýn og samhengi á einum stað, bæði til að styðja við ákvarðanatöku og almenna umræðu um að fylgt sé eftir þeim þáttum sem strandsvæðisskipulagið byggir á. Rætt var að á rétta fyrra erindi svæðisráða, skerpa á því og óska eftir aðkomu ráðuneyta og stofnana að því að móta skýrari farveg fyrir samræmda vöktun og miðlun upplýsinga.

Niðurstaða umræðunnar var að HMS taki fyrsta skrefið að uppfærðu erindi frá 2024, skerpir á þeim atriðum sem nefnd voru í fyrra bréfi og ítreki þörfina á samræmdri vöktun. HMS sendir bréfið á hfélags- og húsnæðismálaráðuneytið sem fer með skipulagsmál og verður bréfið einnig lagt fram á næsta fundi svæðisráðsins.

5. Önnur mál

Umræður um ýmis atriði.

6. AÓ tók til máls um fjarskiptastrengi, lagningu og framtíðarhorfur NATO strengs á Vestfjörðum s.s. í Arnarfirði og víðar.

Lagt var til að HMS taki saman atriði sem kalla á frekari skoðun við framfylgd og endurskoðun strandsvæðisskipulags, og atriði sem standa út af, af fenginni reynslu.

Strandsvæðisskipulag væri nýtt stjórntæki á Íslandi og viss atriði í skipulaginu sem eru ekki nægilega skýr og taka þurfi á. Jafnframt þurfi að taka saman tengsl við önnur lög. MG nefndi t.a.m. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, og hvernig þau taka eða taka ekki á áhættu, svo sem áhættu vegna slyssleppinga. ÓÁ vísaði til þess að minnisblöð um þau atriði hafi verið send, síðast til umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytisins þann 26. nóvember 2025 – vegna ofanflóðahættumats í Önundarfirði. Þá þurfi einnig að taka saman hvernig gerð áhættumats í samhengi við öryggi strengja þurfi skýran farveg og ramma.

7. Rætt var um upplýsingabeidni Mílu varðandi afgreiðslu umsagnar um rekstrarleyfi Arnarlax.

AÓ lagði til þá almennu reglu við boðun funda svæðisráðs að fulltrúar í svæðisráði upplýstu formann fyrirfram um önnur mál sem óskað væri eftir að tekin yrðu fyrir á fundi.

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 14:15.